

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 105/1990 um framhaldsskóla sbr. reglugerð nr. 23/1991 og reglugerð nr. 421/1991.

1. gr.

1. mgr. 15. gr. orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefndum skulu sitja sjö menn: Tveir fulltrúar starfsmanna kosnir á fundi allra starfsmanna skólans, einn fulltrúi kosinn af nemendum skólans, þrjú fulltrúar tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða samtökum sveitarfélaga í viðkomandi landshluta og einn fulltrúa skipar ráðherra án tilnefningar. Fulltrúi nemenda skal þó kosinn til eins árs. Varamenn skulu valdir með sama hætti. Nefndin velur sér formann til tveggja ára í senn, en fulltrúi ráðuneytisins kallar nýja nefnd saman til fyrsta fundar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 40. gr. laga um framhaldsskóla nr. 57/1988 sbr. lög nr. 107/1988, lög nr. 74/1989 og lög nr. 81/1993 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 11. febrúar 1994.

Ólafur G. Einarsson.

Guðríður Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. gr. bætist nýr töluliður, sem verður 10. töluliður, er orðast svo:
Vöruflutningar innanlands þegar flutt er beint til eða frá landinu.

2. gr.

2. tölul. 3. gr. orðast svo:

Vöruflutninga, aðra en vöruflutninga innanlands þegar flutt er beint til eða frá landinu.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 16. febrúar 1994.

F. h. r.

Jón H. Steingrímsson.

Margrét Gunnlaugsdóttir.